

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

Akureyri, 11. nóvember 2020
UST202010-271/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22.9.2020 hjá Veiðifélag Eystri-Rangár, Laugum.

Þann 22. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Veiðifélags Eystri-Rangár, Laugum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varða:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skrá skal vatnsnotkun ásamt viðshaldi og tæmingu hreinsivirkja. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Afstöðumynd af stöðinni skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. desember nk.

Virðingarfyllst

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Veiðifélag eystri Rangár	Dags. eftirlits: 22.9.2020	Staðsetning stöðvar: Laugum, Landsveit	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 530492-2659	Gildistími starfsleyfis: 16.06.2022	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Landeldi, 20 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Sleppa um 400.000 seiðum árlega, um 25 g meðalþyngd, sem gera um 10 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Mokað hefur verið upp úr settjörn og ristar hreinsaðar.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Vatnsnotkun ekki skráð. Engar staðfestar tölur um rennsli. Fyrri stöðvar stjórnari segir að það geti farið uppi 40-50 sek/l. Skráningar á notkun efna í stöðunni er skráð á sérstakt eyðublað. Gerðir hafa verið útreikningar á losun köfnunarefnis og fosfórs frá stöðinni. Skráningar á viðhaldi og tæmingu hreinsivirkja var ekki til staðar í eftirliti. Meðhöndlun úrgangs er skráð á eyðublað. Afstöðumynd af stöðunni var ekki aðgengileg í eftirliti. Viðbragsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar voru aðgengilegar í eftirliti.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Áhættumat og viðbragðsáætlanir aðgengilegar í eftirliti.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	
Er neyðaráætlun til staðar?	X			

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Klukkufóðrun. Skammtað einu sinni á sólarhring (vigtað magn), ca. 1,5 % af lífþyngd. Ummerki um fódurleifar í eftirliti voru litlar.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Skráningar á losun fosfórs og köfnunarefnis var ekki til staðar við eftirlit, ekki er vitað hvenær mælingar á efnunum fóru fram seinast. Gerðir hafa verið útreikningar á losun fosfórs og köfnunarefnis.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Settjörn hefur verið hreinsuð frá því síðasta eftirliti. Lítil ummerki um mengun var að sjá í settjörn eða í skurði.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Frárennsli úr bæði inni og útikerjum rennur í steypa settjörn sem er um 5x20 m að stærð. Við enda tjarnarinnar rennur vatnið út í skurð og þar er rist til varnar sleppingum og að villtur fiskur komist í tjörnina. Vatnið rennur um 200 m leið út í Þjórsárkvísl.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerjum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtaki er Þjórsá, ferskvatn, um 250 m frá kerjum.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Ekkert eftirlit.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Meðhöndlun úrgangs er skráð á eyðublað. Plast og pappi flokkað, tekið af gámapjónustunni. Dauðfiskur fer 1x í viku á Strönd í tunnu. Staðfesting frá Terra um þjónustu við stöðinna liggur fyrir, engar kvittanir. Erfitt hefur reynst að fá kvittanir.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.			X	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		X		Engar mælingar áætlaðar.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fimm frávik komu fram við eftirlitið. Skráningar í rekstrardagbók eru ekki fullnægjandi, halda þarf skráningar um afföll og magn, gerð og meðhöndlun úrgangs. Ekki hefur verið fylgst með losun efna í umhverfið. Viðbragðsáætlun v/bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar hafa ekki verið gerðar. Ástand settjarnar er slæmt og hún sinnir ekki hlutverki sínu. Moka þarf upp úr tjörninni, bæta tjörnina og/eða útbúa frekari hreinsun frárennslis áður en það rennur út í skurð/viðtaka.

Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir móttöku spilliefnaumbúða og dauðfisks.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Samantekt:	<p>Tvö frávik komu fram við eftirlitið og ein ábending. Skráningar í rekstrardagbók eru ekki fullnægjandi, halda þarf skráningar um vatnsrennsli og viðhald hreinsivirkja. Afstöðumynd af stöðinni þarf að vera til staðar.</p>
Annað:	<p>Engin lyf gefin seinasta vetur en fiskur baðaður upp úr formalíni.</p> <p>Fylgjast þarf með virkni settjarnar og ástandi hennar. Virkni tjarnarinnar sést helst á uppsöfnun efnis, hreinleika hennar og niðurstöðum efnamælinga.</p> <p>Leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa voru kynntar í eftirlitinu.</p> <p>Áhættumat til ákvörðunar tíðni vettvangsheimsókna eftirlits í samræmi við 4. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit kynnt.</p> <p>Leiðbeiningar um útreikninga á losun í fiskeldi voru sendar starfsleyfishafa í tölvupósti.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Steinnunn Karlsdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Eystri Rangár Laugum, Landsveit



Dags eftirlits	22.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Eystri Rangár	Eftirlitsmaður	
Heimili	Móeiðarhvoll 2	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	530492-2659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Birkir Tómasson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Ómar Helgason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða skráningar í rekstrardagbók og afstöðumynd, ein ábending var gerð vegna kvittana fyrir úrgang.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
------------	-----------------

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.	Skrá skal vatnsnotkun ásamt viðshaldi og tæmingu hreinsivirkja. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
---	--

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.	Afstöðumynd af stöðinni skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
---	--

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir móttöku spilliefnaumbúða og dauðfisks.

ANNAD

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

10.11.2020

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir